

afmæli þess til minningar um stofnendur þess, Sigurbjörn Á. Gíslason, cand. theol., Flosa Sigurðsson, trésmíðameistara, Harald Sigurðsson, verslunarmann, Júlíus Árnason, kaupmann og Pál Jónsson, verslunarstjóra; ennfremur þá séra Halldór Jónsson, prófast á Hofi, Vopnafirði, séra Lárus Halldórsson, fríkirkjuprest, og séra Pál Þórðarson, prest í Njarðvík.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000. Stofnféð skal ekki skerða, og fyrstu fimm árin skal helmingur vaxta og verðbóta lagður við höfuðstólinn.

## 3. gr.

Sjóðurinn tekur við framlögum, gjöfum og áheimum, og skal um slík framlög fara svo sem segir í 2. gr.

## 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að hvers konar starfsemi Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands, sbr. 3. gr. reglugerðar Guðfræðistofnunar. Auk þess má til nefna fyrirlestrahald og námsstefnur, heimboð erlendra gesta og greiðslu ferðapeninga til kennara guðfræðideildar og hvaðeina, sem verða má að gagni fyrir starfsemi stofnunarinnar á hverjum tíma.

## 5. gr.

Stjórn Guðfræðistofnunar er jafnframt stjórn sjóðsins og tekur allar ákvarðanir varðandi val verkefna og ráðstöfun tekna.

## 6. gr.

Háskóli Íslands annast um varðveislu fjár sjóðsins og reikningshald. Um endurskoðun og birtingu reikninga fer sem um aðra sjóði Háskóla Íslands á hverjum tíma.

## 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Norður-Ísafjarðarsýslu um manntalsþing í Norður-Ísafjarðarsýslu.**

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, herra sýslumaður, frá 5. júní 1987 varðandi tillögur yðar samkvæmt samþykkt sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu um manntalsþing í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Með vísun til 38. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 1936, sbr. 10. gr. laga nr. 28 1981, samþykkir ráðuneytið hér með, að haldið verði eitt manntalsþing í Norður-Ísafjarðarsýslu.